

## ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2005/EES/49/31

frá 27. febrúar 2003

## um setningu kóðunarstaðla fyrir íhluti og smíðaeefni í ökutæki í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/53/EB um úr sér gengin ökutæki (\*)

(tilkynnt með númeri C(2003) 620)

(2003/138/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/53/EB frá 18. september 2000 um úr sér gengin ökutæki <sup>(1)</sup>, einkum 2. mgr. 8. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt tilskipun 2000/53/EB skal framkvæmdastjórnin setja kóðunarstaðla fyrir íhluti og smíðaeefni, sem framleiðendur og framleiðendur smíðaefnis og búnaðar skulu nota, einkum til að auðvelda greiningu íhluta og smíðaeftna sem henta til endurnotkunar og endurnýtingar.
- 2) Rétt er að setja frekari kóðunarstaðla á grundvelli fenginnar reynslu af endurvinnslu og endurnýtingu á úr sér gengnum ökutækjum.
- 3) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem um getur í 11. gr. tilskipunar 2000/53/EB.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Með fyrirvara um 3. mgr. 3. gr. í tilskipun 2000/53/EB skulu aðildarríkin gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að ökutækjaframleiðendur, í samvinnu við framleiðendur smíðaefnis og búnaðar, noti flokkunarkerfi

Alþjóðlegu staðlasamtakanna (ISO) um kóðunarstaðla fyrir íhluti og smíðaeefni, sem um getur í viðaukanum við þessa ákvörðun, til að merkja og greina íhluti og smíðaeefni ökutækja.

2. gr.

Tveimur árum eftir að þessi ákvörðun öðlast gildi skal endurskoða hana á grundvelli fenginnar reynslu af endurvinnslu og endurnýtingu á úr sér gengnum ökutækjum í því skyni að setja, ef nauðsyn krefur, kóðunarstaðla fyrir íhluti og smíðaeefni um önnur smíðaeefni.

3. gr.

Ákvörðun þessi gildir frá 1. júlí 2003.

4. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 27. febrúar 2003.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Margot WALLSTRÖM

framkvæmdastjóri.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 53, 28.2.2003, bls. 58. Hænar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 125/2003 frá 26. september 2003 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 64, 18.12.2003, bls. 31.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 269, 21.10.2000, bls. 34.

*VIÐAUKI*

Eftirfarandi flokkunarkerfi gildir um merkingu og greiningu íhluta og smíðafna úr plasti, sem eru þyngri en 100 grömm, í ökutækjum:

- ISO 1043-1 Plastics — symbols and abbreviated terms. Part 1: Basic polymers and their special characteristics.
- ISO 1043-2 Plastics — symbols and abbreviated terms. Part 2: Fillers and reinforcing materials.
- ISO 11469 Plastics — Generic identification and marking of plastic products.

Eftirfarandi flokkunarkerfi gildir um merkingu og greiningu íhluta og smíðafna úr gúmmilíki, sem eru þyngri en 200 grömm, í ökutækjum:

- ISO 1629 Rubbers and latices — Nomenclature. Þetta gildir ekki um merkingu hjólbarða.

Í stað táknanna „<“ eða „>“, sem notuð eru í ISO-stöðlum, er hægt að nota sviga.

---